

Fimmtudaginn 17. febrúar 1994.

Nr. 109/1992.

Protabú Drangavíkur hf.

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Ásgeiri Ebeneser Þórðarsyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Vinnusamningur. Uppsögn. Sjómenn. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Gunnar M. Guðmundsson og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. mars 1992 og krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Jafnframt krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að staðfestur verði sjóveðsréttur í vs. Klöru Sveinsdóttur SU-50, áður Drangavík ST-71, skipaskrárnúmer 1638, til tryggingar dæmdum fjárhæðum í hinum áfrýjaða dómi. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Upplýst var við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti, að bú áfrýjanda, Drangavíkur hf., var tekið til gjaldprotaskipta 16. júní 1993, en fyrir liggur staðfesting bústjóra á aðild búsins að málinu. Þá kom einnig fram, að skip áfrýjanda hefur verið selt og ber nú nafnið Klara Sveinsdóttir SU-50.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður hann staðfestur, þó svo að vísun héraðsdómara til 45. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 á hér ekki við.

Dæma ber áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað, eins og í dómsorði greinir, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisauka-skatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður. Staðfestur er sjóveðsréttur stefnda, Ásgeirs Ebenesers Þórðarsonar, í vs. Klöru Sveinsdóttur SU-50.

Áfrýjandi, þrotabú Drangavíkur hf., greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Kópavogs 6. janúar 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 10. desember sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Kópavogs með stefnu, birtri 6. febrúar sl., af Ásgeiri Ebeneser Þórðarsyni, kt. 150850–2319, Birkiteig 24, Keflavík, á hendur Drangavík hf., kt. 601088–1189, Selbrekku 17, Kópavogi.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 337.336,00 auk dráttarvaxta [og málskostnaðar].

Af hálfu stefnda eru dómkröfur þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnda dæmdur málskostnaður samkvæmt mati réttarins.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

Málavextir.

Af hálfu stefnanda er málavöxtum svo lýst, að stefnandi hafi um nokkurt skeið verið skipstjóri á vs. Drangavík ST-71 þegar honum hafi borist bréf frá útgerðarmanni skipsins, hinu stefnda félagi, dags. 28. janúar 1990, þar sem honum var tilkynnt, að honum væri sagt upp störfum frá og með 1. febrúar 1990, svo sem það er orðað í umræddu bréfi. Í bréfinu segi enn fremur orðrétt „... við óbreytt eignarhald í félaginu verður þessi uppsögn endurskoðuð síðar“.

Stefnandi hafi skilið bréf þetta á þann veg, að sér væri sagt upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti og færi sá uppsagnarfrestur að líða 1. febrúar 1990 og sér bæri því að víkja úr skipsrúminu í lok aprílmánaðar 1990.

Skip þetta hafi stundað úthafsækjuveiðar, sem svo eru kallaðar, og fryst aflann um borð. Veiðiferðirnar taki af þeim ástæðum nokkuð langan tíma, allt að mánuði í senn. Stefnandi hafi haldið áfram með skipið eftir að honum hafi borist framangreint bréf og farið með skipið í veiðiferð, sem stóð meginhluta febrúarmánaðar, en upp úr mánaðamótum febrúar/mars hafi honum verið tilkynnt, að við skipinu tæki nýr skipstjóri, Snorri Snorrason frá Dalvík. Hafi stefnandi skilið þessa ráðstöfun á þann veg, að ekki væri óskað eftir þjónustu sinni í þágu útgerðarinnar lengur.

Stefnda hafi verið greitt kaup fyrir þann túr, sem hófst 9. mars og stóð til mánaðamóta mars/apríl, og hafi stefnandi gert ráð fyrir, að hann fengi jafnframt laun greidd úr aprílveiðiferð, sem hófst 4. apríl og stóð til 26. apríl 1990.

Þegar stefnandi hafi gengið eftir uppgjöri fyrir apríltúrinn, hafi honum verið tilkynnt, að útgerðin teldi sér ekki skylt að greiða honum laun úr

þeim tús, þar sem stefnandi hafi verið þann mánuð í launalausum leyfi að eigin ósk. Stefnandi hafi mótmælt því harðlega, að svo hafi verið, en stefndi hafi haldið við afstöðu sína.

Af hálfu stefnda er málavöxtum svo lýst, að 28. janúar 1990 hafi stefnanda verið sagt upp störfum hjá útgerð stefnda með venjulegum þriggja mánaða uppsagnarfresti. Á þessum tíma hafi stefnandi verið skipstjóri á vs. Drangavík ST-71, sem sé í eigu stefnda. Stefnandi hafi verið sagt upp störfum vegna fyrirhugaðra skipulagsbreytinga hjá útgerð stefnda og jafnframt vegna samskiptaörðugleika milli stefnanda og skipverja á vs. Drangavík.

Í byrjun árs 1990 hafi stefnandi beðið stefnda um frí í marsmánuði vegna fyrirhugaðrar fermingar í fjölskyldu hans. Vegna væntanlegrar frítöku stefnanda hafi verið ráðinn annar skipstjóri, Snorri Snorrason, sem leysa hafi átt stefnanda af hólmi í marsmánuði. Eftir að Snorri Snorrason hafði verið ráðinn, hafi komið í ljós, að stefnandi ætlaði að taka frí sitt í aprílmánuði, en ekki í mars. Engu að síður hafi verið ákveðið að hinn nýi skipstjóri tæki strax við skipinu, þar sem hann hafði þegar verið ráðinn, og eins hafi skipt hér máli, að skipshöfnin hafi verið mjög óánægð með samskipti sín við stefnanda.

Stefnandi hafi verið greidd laun í marsmánuði, en ekki í aprílmánuði, vegna þess að þann mánuð (veiðiferð) hafi stefnandi óskað sjálfur eftir fríi og það verið samþykkt af útgerðarmanni.

Í máli þessu sé einkum deilt um það, hvort stefnandi hafi beðið um frí í aprílmánuði eða ekki. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur sé í sjálfu sér viðurkenndur af stefnda, en að sjálfsögðu með vinnuskyldu stefnanda.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann eigi lögvarinn og samningsbundinn rétt til þriggja mánaða uppsagnarfrests sem skipstjóri á skipinu. Hann hafi starfað sem skipstjóri á vs. Drangavík ST-71 frá því í október 1989 fram til þess, að honum hafi verið sagt þar upp störfum miðað við mánaðamótin janúar/febrúar 1990, þannig, að hann léti af störfum í lok aprílmánaðar 1990. Þegar liðinn hafi verið mánuður af uppsagnarfrestinum, hafi stefndi kosið að nýta ekki starfskrafta hans sem skipstjóra frekar á uppsagnarfrestinum. Hann hafi eigi að síður fengið laun sín greidd fyrir mars, en ekki fyrir síðasta mánuð uppsagnarfrestsins, aprílmánuð, en það séu þau laun, sem hér sé gerð krafa um.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann eigi lögum og kjarasamningum samkvæmt rétt á óskertum launum á uppsagnarfresti sínum og breyti þar engu þótt útgerðarmaðurinn kjósi þann kostinn að nýta ekki starfs-

krafta hans sem skipstjóra á uppsagnarfrestinum. Honum beri lögum samkvæmt að víkja úr skiprúmi, þegar á hann sé skorað að gera það, en það skerði með engum hætti rétt hans til launa þann tíma, sem eftir lifi af lögbundnum uppsagnarfresti hans. Hann hafi allan uppsagnarfrestinn verið reiðubúinn til að hlýða kalli og taka við skipinu að nýju, en eftir því hafi ekki verið óskað.

Ágreiningslaust sé, að uppsagnarfresturinn tók að renna 1. febrúar 1990.

Stefnandi hafi verið með skipið í febrúarmánuði, en þjónustu hans í skipstjórnarstörfum hafi verið hafnað, er honum hafi verið tilkynnt, að nýr skipstjóri tæki við skipinu í byrjun mars og hann hafi ekki verið kallaður til skipstjórastarfa, það sem eftir lifði af uppsagnarfrestinum.

Stefndi hafi réttlætt afstöðu sína með því, að stefnandi hafi verið í launalausum leyfi að eigin ósk í aprílmánuði 1990. Þessu hafi stefnandi mótmælt sem röngu og hreinum fyrirlætti af hálfu forráðamanns stefnda. Fótur sé fyrir þessari staðhæfingu, en þó í allt öðru samhengi. Hið rétta sé, að stefnandi hafi nefnt þetta áður en til uppsagnarinnar kom, að til þess gæti komið, að hann tæki sér frí í tengslum við fermingu eins barns síns þá um vorið. Þessar hugmyndir um frítöku hafi með öllu verið lagðar á hilluna eftir að ljóst varð, að stefnandi skyldi víkja úr skiprúminu í lok aprílmánaðar, enda fráleitt, að stefnandi svipti sig sjálfur mánaðarlaunum, er svo var komið. Um þetta hafi forráðamönnum stefnda að sjálfsögðu verið kunnugt.

Af því að lagarök fyrir sjálfri stefnukröfunni varðar, vísar stefnandi til ákvæða sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 53/1990, einkum 44. gr. laganna, að því er varðar uppsagnarfrest á ráðningarsamningi skipstjóra, 45. gr., um rétt útgerðarmanns til að hafna þjónustu skipstjóra hvenær sem er, og rétt skipstjórans til þess að fá bætt það tjón sem leiðir af slíkri brottvikningu. Þessu til áréttingar er vísað til gildandi kjarasamnings milli Skipstjóra- og stýrimannafélagsins Öldunnar og Landssambands íslenskra útvegsmanna frá 1987, einkum 1. kafla, 33. gr., um ráðningu og uppsögn, og 9. kafla, um skiptakjör á rækjuveiðum, einkum 2. gr.

Um kröfur um sjóveðsrétt í skipinu vísar stefnandi til 1. tölul. 1. mgr 197. gr. laga nr. 34/1985, sbr. lög nr. 21/1986. Um vexti vísar stefnandi, svo sem áður greinir, til laga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989 um breytingar á þeim lögum. Krafan um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun styðjist við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskatts-skyldur. Um dráttarvexti af málskostnaði vísar stefnandi til 2. mgr. 175. gr. laga nr. 85/1936, sbr. lög nr. 54/1988.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Skipstjórahlutur	kr.	300.933,00
Fastakaup í apríl	kr.	1.804,00
Starfsaldursálag	kr.	3.459,00
Samtals	kr.	306.196,00
Orlof 10,17% af þeirri fjárhæð	kr.	31.140,00
Samtals	kr.	337.336,00

Málsástæður stefnda byggjast á þeirri staðreynd, að stefnandi hafi beðið um frí sjálfur í síðasta mánuði uppsagnarfrests og því beri stefnda ekki að greiða laun þann tíma. Í stað stefnanda hafi verið ráðinn nýr skipstjóri til að leysa hann af hólmi, m.a. þann tíma sem stefnandi ætlaði að vera í landi vegna fermingarinnar.

Því er mótmælt, að stefnandi hafi nokkurn tíma afturkallað beiðni sína um frítöku fyrr en löngu eftir að staðgengill var ráðinn til að leysa stefnanda af hólmi.

Aðilar málsins, Ásgeir Ebeneser Þórðarson og Högni Halldórsson, hafa gefið skýrslur fyrir dómi í máli þessu svo og vitnið Sigurvin Jónsson mat-sveinn.

Í framburði stefnanda fyrir dómi kom fram, að í upphafi árs 1990, áður en hann fékk uppsagnarbréfið, hefði það borist í tal við Högna Halldórsson, að verið gæti, að hann þyrfti á fríu að halda vegna fermingar að vori. Frítökumál hafi síðan ekkert borið á góma fyrr en Högni hringi í hann í síðustu veiðiferð hans og spyrji hann eftir daglegt spjall, hvort hann sé á leið í frí. Hann hafi sagt honum, að hann væri ekki að fara í frí næsta túr, en vera kynni, að hann þyrfti frí seinna, en Högni hafi þá verið búinn að láta að því liggja í veiðiferðinni á undan, að hann yrði áfram með skipið. Högni hafi þá sagt honum, að þetta væri síðasta veiðiferð hans, hann myndi greiða honum laun næstu veiðiferð, en ekki þar næstu, þar sem hann telji hann í fríu þá. Þessu hafi hann strax andmælt.

Í framburði Högna Halldórssonar fyrir dómi kom fram, að hann hafi í upphafi árs samþykkt, að stefnandi yrði í fríu í mars eða apríl. Hann muni ekki, hvenær ákveðið var, að hann færi í frí í apríl. Hann skrifi það ekki hjá sér, hvenær menn biðji um frí, heldur reyni hann að muna, hvenær þeir ætli í frí, til þess að geta skaffað menn í staðinn.

Stýrimann hafi vantað í marstúrin og hafi hann því verið búinn að ráða Snorra Snorrason til þess að fara sem stýrimaður þann túr og meiningin hafi síðan verið sú, að hann færi sem skipstjóri, þegar Ásgeir færi í frí. Ákvörðun hans um, að Snorri Snorrason tæki við skipinu í byrjun mars, væri þessu frítökumáli óviðkomandi.

Vitnið Sigurvin Jónsson matsveinn bar fyrir dómi, að stefnandi hefði sjálfur tjáð honum í febrúar 1990, að nú kæmi líklega um borð mjög góður rækjusjómaður, Snorri Snorrason, fyrst sem stýrimaður og síðan myndi hann leysa hann af, er hann færi í frí í apríl vegna fermingar, einnig, að nefndur Snorri hefði hringt í hann, líklega í endaðan febrúar, og þá sagt honum, að hann myndi koma um borð mjög líklega til að leysa af sem skipstjóri í apríl. Þá staðfesti hann eigin yfirlýsingu, er fyrir lá í málinu, þar sem fram kemur m.a., að stefnandi hafi margsinnis í hans viðurvist og annarra skipverja ákveðið að taka sér frí í aprílmánuði 1990.

Við aðalmeðferð málsins var af hálfu stefnanda lögð fram yfirlýsing frá Ólafi Þorkeli Pálssyni, sem var 1. stýrimaður á vs. Drangavík ST-71 í síðustu veiðiferð stefnanda.

Yfirlýsingu þessari var mótmælt sem óstaðfestri af lögmanni stefnda. Þá kom fram hjá honum við munnlegan flutning málsins, að ekki væri í málinu tölulegur ágreiningur. Ágreiningur væri um, hvort stefnandi hefði óskað eftir frí í apríl eða ekki.

Þá var af hálfu stefnanda við munnlegan flutning málsins mótmælt sem óstaðfestri yfirlýsingu Snorra Snorrasonar á dskj. nr. 18.

Niðurstaða.

Í máli þessu er ágreiningur með aðilum um, hvort stefnandi hafi í aprílmánuði 1990 verið í leyfi frá störfum samkvæmt eigin ósk og því ekki átt rétt á launum, svo sem fram er komið. Ágreiningslaust er, að stefndi sagði stefnanda upp störfum með þriggja mánaða uppsagnarfresti frá 1. febrúar 1990 og vék honum úr starfi í byrjun mars s.á.

Í framburði stefnanda fyrir dómi kom fram, að tvívegis hefði borist í tal við stefnda, að vera kynni, að hann þyrfti leyfi í apríl vegna fermingar, en að hann hefði ekki beðið um leyfi.

Gegn andmælum stefnanda þykir stefndi eigi, þrátt fyrir framburð vitnisins Sigurvins Jónssonar, hafa sannað, að stefnandi hafi beðið um leyfi frá störfum í apríl 1990 og að leyfistakan hafi verið fastmælum bundin.

Samkvæmt því og með vísan til 45. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 ber stefnda að greiða stefnanda laun fyrir aprílmánuð.

Með því að fjárhæð kröfunnar hefur ekki sætt tölulegum andmælum, ber stefnda að greiða stefnanda kr. 337.336,00 ásamt vöxtum, svo sem krafist hefur verið.

Eftir þessum úrslitum verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst kr. 115.000,00, þar með talinn virðisaukaskattur.

Stefnandi á sjóveðsrétt í vs. Drangavík ST-71 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 197. gr. laga nr. 34/1985, sbr. lög nr. 21/1986.

Dóm þennan kvað upp Þorgerður Erlendsdóttir, settur héraðsdómari, en dómsuppkvaðning hefur dregist vegna anna dómarans.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Drangavík hf., greiði stefnanda, Ásgeiri Ebeneser Þórðarsyni, kr. 337.336,00 auk dráttarvaxta skv. 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. maí 1990 til greiðsludags og kr. 115.000,00 í málskostnað, þar með talinn virðisaukaskattur.

Vextir af málskostnaði án virðisaukaskatts reiknist samkvæmt 10. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms þessa.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðsrétt í vs. Drangavík ST-71 til tryggingar framangreindum fjárhæðum.
